



# Fréttabréf Naustaskóla

1. tölublað, 7. árgangur, 4. janúar 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

*Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!*

## Breyting á staðsetningu skrifstofu

Í jólafríinu gerðum við breytingar á staðsetningu ritara skólans og var sú aðstaða flutt þangað sem áður var sjoppa nemenda. Ritari er því núna staðsettur við aðalinngang skólans.

## Starfsmannamál

Nú um áramótin verða nokkrar breytingar á starfsmannahópnum hjá okkur. Sandra Mjöll, sem starfað hefur hjá okkur sem stuðningsfulltrúi, hefur flutt búferlum og mun hefja störf við skólann á Grenivík. Birgitta Rós, sem hefur verið skólaliði hjá okkur, flytur sig þá í stuðningsfulltrúastarf í 2.-3. bekk. Inn sem skólaliðar koma svo nýjir starfsmenn, þau Gutti Guttesen, Theódór Löve og Þórey Ómarsdóttir.

## Kæra skólasamfélag

Við kveðjum nú gamla árið en tökum fagnandi á móti árinu 2014. Af því tilefni vil ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og þakka fyrir gott samstarf á liðnum árum. Ég bind vonir við að nýtt ári verði gott fyrir okkur í Naustaskóla og skili okkur enn fram á veginn í þróun góðs skóla. Við gerum ekki ráð fyrir neinum breytingum á húsnæði skólans á þessu ári nema að við stefnum að því að taka í notkun nýja aðalinnganginn með vorinu. Svo leyfum við okkur að vona að áfram verði haldið með frágang bílastæða næsta sumar. Íþróttahús og starfsmannaálma bíður hins vegar lokafrágangs til ársins 2016 að óbreyttu. Skólinn hefur nú náð þeim áfanga að hægt hefur á fjölgun nemenda enda förum við að útskrifa stærri árganga með hverju árinu. Við gerum engu að síður ráð fyrir því að nemendum fjölgi um a.m.k. 20 næsta haust og nemendafjöldi fari þá upp fyrir 350 nemenda markið. Eins og undanfarin misseri snúa stærstu áherslur skólaþróunarinnar hjá okkur að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Nú í upphafi ársins munum við beina athyglinni að svokallaðri lykilhæfni en hún stendur fyrir ákveðna hæfnipætti sem ætlast er til að nemendur tileinki sér í grunnskólanáminu. Þar birtast skýrt þær áherslur nýju námskrárinnar að námið snúist ekki eingöngu um að nemendur afli sér fjölbreyttar þekkingar heldur skuli það snúast um að nemendur öðlist yfirgripsmikla hæfni á ýmsum sviðum, s.s. tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mati á eigin námi. Í tengslum við viðtölin um miðjan mánuðinn munu foreldrar fá upplýsingar um þau hæfniviðmið sem stefnt er að á hverju aldurstigi og þar með tækifæri til að ræða þau við nemendur og umsjónarkennara. Í framhaldinu stefnum við svo að því að mat á lykilhæfni verði fastur liður í námsmatinu hjá okkur og leiðarljós í námi nemenda.

Með von um áframhaldandi gott samstarf og árangursríkt skólastarf á því herrans ári 2014!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

## Gjaldskrárbreytingar

Samhliða afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2014 samþykkti bæjarstjórn breytingar á gjaldskrá mótuneyta sem taka gildi frá og með 1. janúar. Hins vegar var ákveðið að dvalargjald í Frístund yrði óbreytt. Gjaldskráin er því núna sem hér segir:

### Mötuneyti:

Stök máltíð: 530 kr. máltíðin  
Annaráskrift: 395 kr. máltíðin  
Annaráskrift á mjólk: 2.800 kr.  
Annaráskrift á ávöxtum: 6.400 kr.

### Skólavistun (Frístund):

Skráningargjald 6.600 kr. (innifalið 20 klst vistun)  
Hver klukkustund eftir fyrstu 20 klst: 330 kr.  
Síðdegishressing pr. dag: 125 kr.

**ATH:** Gengið er út frá því að þeir sem voru í ávaxta- og mólkuráskrift á haustönninni munu halda því áfram á vorönn. Við munum innheimta þau gjöld í byrjun febrúar þannig að ef um einhverjar breytingar er að ræða þarf að tilkynna þær sem allra fyrst..

## Skólapúlsinn – foreldrakönnun - mikilvægt að lesa!

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja foreldra um gæði skólans, samskipti, virkni í skólastarfi og námið heima fyrir. Könnunin er lögð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum skólans. Búið er til 120 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans er sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þessi klausa hér er til þess að upplýsa þig, ágæti forráðamaður, um þessa fyrirhuguðu gagnasöfnun skólans. **Ef þú ert mótfallin/n því að eiga möguleika á að lenda í úrtakinu, hafðu þá samband við skrifstofu skólans eða sendu tölvupóst á netfangið agust@akureyri.is** Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins, í síma 499-0690 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is)



## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# Janúar 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	30. FRÍ	31. Gamlársdagur	1. janúar Nýársdagur	2. FRÍ	3. Starfsdagur—Frístund opin fyrir hádegi— lokuð frá kl. 12:15 (Aspassúpa og brauð)	4.
5.	6. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómátfeiti  Kennsla hefst skv. stundaskrá	7. Hakkabuff, kartöflur, gúrka og lauksósa  Opíð hús 5.-7.b. 16:30-18:00 Opíð hús 8-10b	8. Ofnbakaður fiskur í karrýstasósu, hrísgrjón og salat	9. Steiktur kjúklingur, kartöflur, salat og jógúrt dressing	10. Skyr, brauð og álegg  Rafmagnslauss morgunn	11.
12.	13. Steiktur fiskur, brún hrísgrjón, paprika og blaðlaukssósa	14. Kjötballur, kartöflur, salat og brún sósa  Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	15. Snakkfiskur, kartöflur og gúrka	16. Viðtalsdagur (Frístund opin) (Súrsætur grísapott- réttur og hrísgrjón)	17. Viðtalsdagur (Frístund opin) (Pepperonipasta og salat)	18.
19.	20. Tómatkarrýfiskur, hrísgrjón og salat	21. Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg  Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	22. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og smjör	23. Grænmetislasagna, hrísgrjón og salat  Hæfileikakeppni nemendaráðs	24. Bóndadagsmatur ..  Bóndadagur / ullarfatadagur	25.
26.	27. Svikinn héri, kartöflur, sósa og gúrka	28. Salsafiskur, hrísgrjón og salat  Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	29. Steikt lambkjöt, kartöflur, grænar baunir og brún sósa	30. Fiskipottréttur, brún hrísgrjón og salat	31. Blómkálssúpa og brauð  Tannverndardagurinn	2.



Viðtalsdagur verða 16.-17. janúar, foreldrar munu fá nánari upplýsingar um viðtölin á allra næstu dögum.

Kennsla að loknu jólaleyfi hefst skv. stundaskrá mánudaginn 6. janúar.

**Gleðilegt nýtt ár!**